

292. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGUR 12. JÚNÍ 2019 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
- 2) Samningaviðræður við ríkið um fjárhagsleg samskipti
- 3) Fjármál og fasteignir
 - a) Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs dags. 6. júní 2019
 - b) Húsnæðismál Biskupsstofu
 - c) Hofssókn í Vopnafirði, erindi sóknarnefndar
 - d) Valþjófsstaður, lerki, erindi Hjörleifs Guttormssonar
 - e) Mosfell, Mosfellsdal, afsal lóðar
 - f) Heydalir, lagning ljósleiðara um jörðina
 - g) Saurbær, friðlýsing æðarvarps
 - h) Voli, leigumál, erindi væntanlegs leigutaka
 - i) Borg á Mýrum, erindi Fiskistofu varðandi netaveiði
 - j) Saurbær og Lindarmelur, erindi RARIK varðandi lagningu jarðstrengs
 - k) Aðalfundur veiðifélags Laxár í Kjós
- 4) Málefni Skálholts
 - a) Skálholt, tillögur að nýrri stjórnskipan
 - b) Fundargerð fundar skólaráðs Skálholtsskóla 11. júní 2019
 - c) Drög að uppgjöri við fráfarandi ábúendur
- 5) Saurbær í Hvalfjarðarsveit, greinargerð hóps um framtíðarsýn, næstu skref
- 6) STEF, drög að samkomulagi um þóknun fyrir tónlistarflutning
- 7) Fyrrum sóknarprestur í Grensássókn, erindi Lausna lögmannsstofu
- 8) Skipan í nefndir
- 9) Önnur mál

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 9:30 með ritningarlestri og bæn. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu, Sigurbjörg Níelsdóttir Hansen, fjármálastjóri Biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Óskar Magnússon og Drífa Hjartardóttir, fulltrúar í samninganefnd kirkjunnar, í viðræðum við ríkið um fjárhagsleg samskipti sátu fundinn undir dagskrárlið 2.

Séra Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti sat fundinn undir dagskrárlið 4.

2. SAMNINGAVIÐRÆÐUR VIÐ RÍKIÐ UM FJÁRHAGSLEG SAMSKIPTI

Til fundarins komu fulltrúar úr samninganefnd kirkjunnar, sem eiga í viðræðum f.h. kirkjunnar við ríkið um fjárhagsleg samskipti.

3. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) *Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs dags. 6. júní 2019*

Tekið fyrir 1. mál, a) liður, Saurbær, æðarvarp.

Kirkjuráð samþykkti tillögu starfshópsins og að fela framkvæmdastjóra að taka upp viðræður við viðkomandi og taka saman heildarskrá um hlunnindi jarðarinnar í því skyni að gera tillögu um ráðstöfun þeirra. Athygli kirkjuráðs hefur verið vakin á fylgiskjali A með greinargerð starfshóps um framtíðarsýn fyrir Saurbæ sbr. mál 5 á dagskrá þessa fundar en svo virðist sem þar sé ekki tæmandi upptalning á hlunnindum þar sem ekki er getið um hlunnindi af dúntekju.

Tekinn fyrir b) liður, Blönduóssókn, Jöfnunarsjóður, styrkumsókn. Kirkjuráð samþykkti tillögu starfshópsins.

Tekinn fyrir c) liður, umhverfisályktun Prestastefnu. Kirkjuráð samþykkti tillögu starfshópsins.

Tekinn fyrir d) liður, ályktun prestastefnu um framtíðarsýn fyrir þjóðkirkjuna. Kirkjuráð samþykkti tillögu starfshópsins. Forseti kirkjuráðs tilnefnir þrjá kirkjuráðsmenn í starfshópinn, sr. Axel Árnason Njarðvík, sr. Örnú Grétarsdóttur og Svönu Helen Björnsdóttur. Kirkjuráð samþykkti tilnefninguna.

Tekið fyrir 2. mál, a) liður, heildarúttekt á starfsemi kirkjumiðstöðva. Kirkjuráð samþykkti tillögu starfshópsins.

Tekið fyrir 3. mál, a) liður, Þorláks- og Hjallasókn. Kirkjuráð samþykkti tillögu starfshópsins um að Jöfnunarsjóður sókna staðfesti vilýrði fyrir 7 m.kr. framlagi á árinu 2019 til sóknarinnar vegna þakviðgerðar á kirkju sinni.

Tekinn fyrir c) liður, tjón á Reykhólakirkju. □ Kirkjuráð samþykkti tillögu starfshópsins um að veittur verði viðbótarstyrkur úr Jöfnunarsjóði að fjárhæð 2 m.kr. vegna tjónsins.

b) Húsnæðismál Biskupsstofu

Biskup Íslands, forseti kirkjuráðs, kynnti málið. Lagt var fram minnisblað um kostnaðaráætlun vegna áformaðra flutninga Biskupsstofu í nýtt húsnæði sem fyrirhugað er að taka á leigu til nokkurra ára.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um að fasteignin Laugavegur 31 verði auglýst til sölu.

□ Kirkjuráð samþykkti þá tillögu.

c) Hofssókn í Vopnafirði, erindi sóknarnefndar

Kirkjuráð þakkar erindið og felur framkvæmdastjóra að vinna að málinu með hagsmuni kirkjumálasjóðs að leiðarljósi.

d) Valþjófsstaður, lerki, erindi Hjörleifs Guttormssonar

Kirkjuráð vísar til markmiða um umhverfismál og fellst ekki á að skógur verði felldur.

e) Mosfell, Mosfellsdal, afsal lóðar

Kirkjuráð vísar til erindis sóknarinnar og felur framkvæmdastjóra að ganga frá afsali lóðar kirkjunnar til sóknarinnar samkvæmt meðfylgjandi lóðarblaði.

f) Heydalir, lagning ljósleiðara um jörðina

Kirkjuráð vísar til erindis sveitarfélagsins. Kirkjuráð fellst á fyrirhugaða lagnaleið um jörðina Heydali í Breiðdal og felur framkvæmdastjóra að ganga frá yfirlýsingu milli eiganda jarðarinnar og Fjarðabyggðar um heimild til lagningar á ljósleiðaralögn að Heydölum.

g) Saurbær, friðlýsing æðarvarps

Kirkjuráð hefur mótttekið erindið og felur framkvæmdastjóra að sækja um endurnýjaða friðlýsingu fyrir hönd kirkjumálasjóðs sem eiganda jarðarinnar.

h) Voli, leigumál, erindi væntanlegs leigutaka

Kirkjuráð hefur mótttekið erindið og felur framkvæmdastjóra að svara erindinu. Kirkjuráð er mótfallið framkvæmdum á landinu sem geta skapað kirkjumálasjóði kaupskyldu.

i) Borg á Mýrum, erindi Fiskistofu varðandi netaveiði

Kirkjuráð hefur mótttekið erindið og leggst ekki gegn fyrirhugaðri reglusetningu. Framkvæmdastjóra er falið að svara erindinu.

j) Saurbær og Lindarmelur, erindi RARIK varðandi lagningu jarðstrengs

Kirkjuráð hefur mótttekið erindið og felur framkvæmdastjóra að ganga frá samkomulagi í samræmi við erindið.

k) Aðalfundur veiðifélags Laxár í Kjós

Aðalfundinn sótti sr. Arna Grétarsdóttir sóknarprestur að Reynivöllum í Kjós f.h. landeiganda, kirkjumálasjóðs, og skilaði hún kirkjuráði punktum frá fundinum. Kirkjuráð þakkar sr. Örnun hagsmunagæsluna og ályktar að fela framkvæmdastjóra að kalla eftir sambærilegum upplýsingum frá öðrum hagsmunagæsluaðilum jarða í eigu kirkjumálasjóðs.

4. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

Kirkjuráð hefur mótttekið fundargerð fundar sem haldinn var í tilefni ályktunar frá síðasta fundi kirkjuráðs þar sem samþykkt var að fela stjórn Skálholts að boða til fundar um framtíðarstjórnskipan Skálholts og skili sá fundur tillögum sínum til kirkjuráðs.

Tillögur fundarins voru lagðar fram til kynningar.

- Kirkjuráð fagnar vinnunni, þakka fyrir hana og tekur undir niðurstöðu hennar í megindráttum.
- Kirkjuráð samþykkti jafnframt að skipa í framkvæmdastjórn Skálholts, sbr. 8. lið hér að neðan. Kirkjuráð mun í samræmi við tillögurnar setja framkvæmdastjórninni erindisbréf.

a) Fundargerð fundar skólaráðs Skálholtsskóla 11. júní 2019

Fundargerð skólaráðs Skálholtsskóla frá 11. júní sl. lögð fram til kynningar.

b) Drög að uppgjöri við fráfarandi ábúendur

Framkvæmdastjóri kynnti drög að uppgjöri við núverandi ábúendur í Skálholti.

- Kirkjuráð samþykkti uppgjörið og að fela framkvæmdastjóra að ljúka því.

5. SAURBÆR Í HVALFJARÐARSVEIT, GREINARGERÐ HÓPS UM FRAMTÍÐARSÝN, NÆSTU SKREF

Kirkjuráð vísar til 5. máls frá 290. fundi þar sem greinargerð hópsins var lögð fram. Kirkjuráð ályktar að unnið verði áfram í samræmi við tillögur hópsins.

6. STEF, DRÖG AÐ SAMKOMULAGI UM ÞÓKNUN FYRIR TÓNLISTARFLUTNING

Kirkjuráð vísar til ályktunar síðasta fundar ráðsins. Ekki hefur tekist að ljúka skoðun á því hvernig fjármögnun og innheimtu greiðslanna verði háttað og komið hafa upp efasemdir um þann talnagrunn sem samningurinn hvílir á. Kirkjuráð ályktar því að skoðun málsins haldi áfram og frestar afgreiðslu þess.

7. FYRRUM SÓKNARPRESTUR Í GRENSÁSSÓKN, ERINDI LAUSNA LÖGMANNSSTOFU

- Kirkjuráð ályktar að vísa erindi lögmannsstofunnar til kirkjuráðs til umsagnar biskups Íslands.

- Kirkjuráð hefur kynnt forseta kirkjuþings það erindi sem snýr að kirkjuþingi og ályktar að veita kirkjuþingi alla þá lögfræðiaðstoð sem metið er að nauðsynleg sé til að svara erindinu.

8. SKIPAN Í NEFNDIR

Kirkjuráð skipar í hverja nefnd þrjá aðalmenn og þrjá til vara, til fjögurra ára í senn frá og með 1. júlí árið eftir kirkjuþingskjör og jafnframt ákveða hver er formaður nefndar og varamaður hans, nema lög eða starfsreglur mæli á annan veg, sbr. starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000.

- Kirkjuráð samþykkti að skipa eftirfarandi aðila í eftirtaldar nefndir:

Hópslysanefnd

Ásta Ágústsdóttir djákni í Kópavogskirkju
Aðrir skv. viðbragðaáætlun kirkjunnar.

Löngumýrarnefnd

Aðalmenn:

Séra Gísli Gunnarsson

Lárus Ægir Guðmundsson

Séra Sigríður Gunnarsdóttir

Varamenn:

Séra Dalla Þórðardóttir

Adolf H. Berndsen

Helga Friðbjörnsdóttir

Strandarkirkjunefnd

Ragnhildur Benediksdóttir, formaður og Sigurbjörg Níelsdóttir Hansen, varaformaður.
Tilnefnd af prófasti séra Gunnar Jóhannesson og varamaður hans Margrét Jónsdóttir.
Tilnefnd af Strandasókn séra Baldur Kristjánsson og varamaður hans Guðmundur Brynjólfsson.

Kirkjuhúsið – Skálholtsútgáfan

Guðmundur Þór Guðmundsson

Hjálparstarf kirkjunnar

Gunnar Sigurðsson

Hörður Jóhannesson

Kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd

Bjarni Gíslason

Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar

Bogi Ágústsson

Kristján Björnsson

Magnús Þorkell Bernharðsson

Gunnlaugur A. Jónsson

Arnfríður Guðmundsdóttir

Launanevnd kirkjunnar

Ragnildur Benediktsdóttir

Egill Heiðar Gíslason

Gunnar Þór Ásgeirsson

Til vara:

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir

Guðmundur Einarsson

Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn

Séra Sólveig Halla Kristjánsdóttir

Teymi um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar

Sólveig Anna Bóasdóttir

Eygló Sigmundsdóttir

Ekki er unnt að greina frá því hver þriðji fulltrúinn er af tæknilegum ástæðum en tilnefning hans verður tilkynnt þegar breyting hefur orðið á.

Framkvæmdastjórn Skálholts

Drífa Hjartardóttir

Óskar Hafsteinn Óskarsson

Sólborg Lilja Steinþórsdóttir

Til vara:

Þórarinn Þorfinnsson

Olga Elenóra Merker Egonsdóttir

Ásborg Arnþórsdóttir

9. ÖNNUR MÁL

Ekkert undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:55.

Næsti fundur er áætlaður 14. ágúst 2019 á Biskupsstofu.

Dagsetningar fyrir fundi kirkjuráðs á komandi hausti voru ákveðnar.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson,
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Svana Helen Björnsdóttir

Stefán Magnússon